



Pistill skólastjóra

Nemendur í 2. – 10. bekk tóku lesferilspróf í september sem eru á vegum Menntamálastofnunar. Niðurstöðurnar sýna okkur að það eru margir sem þurfa að auka lestrarhraða sinn. Í framhaldinu átti skólastjóri fund með stjórn nemendafélagsins til að fá fram skoðanir og tillögur nemenda um hvað hægt væri að gera. Á þeim fundi voru búnar til spurningar sem lagðar voru fyrir á skólaþingi nemenda í 4. – 10. bekk til að þeir kæmu sínum skoðunum á framfæri. Nemendafélagsstjórnin hittist svo til að sameina svör hópanna.

Hér eru spurningarnar og svörin:

1. Hvernig er hægt að vekja áhuga á lestri?
Svar: Kennarar hjálpa nemendum að finna bækur sem nemendum finnst skemmtilegar.
2. Hvað getur þú gert til að auka lestrarhraða þinn?
Svar: Lesa meira og fá tíma í skólanum.
3. Finnst þér að það eigi að vera tími fyrir frjálstan lestur í skólanum? Ef já, hvað oft í viku og hvað lengi?
Svar: Miðstigi 3 – 4 sinnum í viku í 20 mínútur í senn. Unglingastigi 3 – 4 sinnum í viku í a.m.k. 20 mínútur í senn.

Sjálfsmatsteymið, sem rýnir í niðurstöður prófanna, fór yfir þessar tillögur nemenda og þakkar fyrir góða vinnu og bætir auk þessa við heimalestri. Hjá miðstigi er lestur á hverjum degi í 15 mínútur og á unglingsstigi í 20 – 30 mínútur þrisvar til fjórum sinnum í viku.

Nemendur í 2. – 3. bekk fylgja miðstigi.

Foreldrar nemenda í 1. bekk fá skilaboð í samskiptabók um þeirra lestur.

Heimalesturinn er mjög mikilvægur til að þjálfasturinn og það er nauðsynlegt að lesa upphátt, það er öðruvísi þjálfun en að lesa í hljóði. Einnig er gott fyrir yngri nemendur að hafa skiptilestur þar sem foreldri og barn lesa til skiptis.

Lestarátakið byrjar formlega 2. nóvember og stendur fram að jólaþema. Foreldrar eru beðnir um að taka þátt með því að hlusta á börn sín heima, aðstoða þau við að skrá lesturinn og hvetja þau til lestrar.

Á döfinni

- 2. nóv. – Lestarátak byrjar
- 3. nóv. – Skólaþjónustan
- 4. nóv. – Opið hús hjá 6.-10. bekk
- 9. nóv. – Dagur gegn einelti
- 10. nóv. – Skólahjúkrúnarfr.
- 12. nóv. – Opið hús hjá 1.- 5. bekk
- 16. nóv. – Dagur íslenskrar tungu
- 17. nóv. – Grænfánadagur
- 19. nóv. – Opið hús hjá 6.-10. bekk
- 24. nóv. – Skólahjúkrúnarfr.
- 24. nóv. – Skólaráðsfundur
- 30. nóv. – Næsta fréttabréf

Grænfáninn

Í nóvember ætlum við að beina sjónum okkar að skilvirkari flokkun með það að leiðarljósi að minnka almennt sorp. Moltugerð er hérna í skólanum og gengur vel, nemendur í grænfánanefndinni hafa umsjón með moltugerðinni, sem er nýtt í uppgræðslu á flaginu okkar í hlíðinni við skólann.

Grænfánadagur verður 17. nóvember.

Hvetjum alla til að huga vel að eigin smitvörnum.

Stöndum saman.

Heilsueflandi grunnskóli

Þema vetrarins er Lífsleikni og margt sem fellur þar undir t.d. hvernig staðið er að fræðslu varðandi: vímuefni, netnotkun, útlitsviðmið, kynheilbrigði og svefn. Við erum að gera könnun um vímuefnaneyslu og fræðslu meðal nemenda 6. - 10. bekkjar og foreldra þeirra og starfsfólks skólans. Hvetjum við ykkur foreldra til að svara könnuninni.

Í nóvember ætlum við að fara í fræðslu og könnun á svefni og skjánotkun.

[Sefur þú nóg?](#)

Jákvæður agi

Í nóvember ætlum við að vinna með hrós og þakkir

Hrós og þakkir er hluti af því að vera kurteis og sýna öðrum virðingu. Kenna mikilvægi þess að taka eftir því jákvæða í fari annarra og teysta samband milli aðila. Við munum leggja áherslu á að bekkjarfundir byrji með hrósi og þökkum sem eykur tilfinningu hvers og eins um að tilheyra hópnum.

Augnsamband



Hefur þú tekið eftir því hversu illa það virkar að sitja í sófanum og hrópa fyrir mæli til barnsins þíns yfir íbúðina endilanga?

1. Hættu að gera það sem þú varst að gera. Stattu upp og farðu það nálægt barninu að þú getir horfst í augu við það.
2. Þú munt taka eftir því að þú talar blíðlegar til barnsins þegar þú hefur fyrir því að mynda augnsamband við barnið.
3. Vertu „í sambandi“ þegar börnin tala við þig. Það sýnir hvorki virðingu né áhuga sé reynt að tala við börn á meðan augun eru fóst á símanum, sjónvarpinu eða tölvunni. Vertu góð fyrirmynd.

4. – 6. bekkur

Undanfarnar vikur hafa nemendur 4. – 6. bekkjar verið að vinna að verkefninu Óskalandið og hefur það gengið þokkalega. Þessi verkefnavinna reynir á samvinnu þeirra og hefur hún gengið upp og ofan, en að mestu vel. Áætlað er að verkefninu ljúki þann 24. nóvember. Auk Óskalandsins eru nemendur í öðrum námsgreinum og er lestur og stærðfræði á hverjum degi.

7. – 10. bekkur

Hafa verið að vinna að verkefninu „Draumalandið“ þar sem þau búa til sitt eigið land. Þar hafa þau verið að velta fyrir sér landlegu, menningu, veðurfari, náttúru, umhverfi, stjórnskipulagi, atvinnulífi, efnahag, auðlindum, skólakerfi, heilbrigðiskerfi og fjölmörgu öðru sem gerir land að landi og samfélag að samfélagi. Einnig teikna þau landakort af landinu sínu. Þrjár vikur eru eftir af verkefninu og endar það með kynningu á landinu inni í sal fyrir nemendur og starfsmenn skólans. Verkefnið er metið í öllum námsgreinum nema stærðfræði og íþróttum. Í verkefninu þjálfast nemendur í nýtingu miðla og upplýsinga, skapandi og gagnrýnni hugsun og samvinnu og samskiptum. Ásamt tjáningu og miðlun.

1. – 3. bekkur

Við viljum segja takk við ykkur foreldra því þið hafið verið dugleg að styðja börnin ykkar við heimanámið. Á þessum fyrstu árum skólans er endurtekning og þjálfun mikið atriði og þegar foreldrar eru virkir þátttakendur þá sjáum við árangur. Nú erum við að fara í lestrarátak hér í skólanum og þá getur verið gaman að lesa með börnunum, s.s. að þau lesi smá og svo lesi foreldrið kannski nokkrar blaðsíður eða klári kaflann. Þannig komast þau áfram í sögunni og verða hugsanlega spenntari fyrir lestrinum.

Dagskrá Reykjahlíðarskóla nóvember 2020

mánudagur	þriðjudagur	miðvikudagur	fimmtudagur	föstudagur	laugardagur	sunnudagur
2. Plokkfiskur, rúgbrauð og grænmeti.	3. Hakk, pasta og grænmeti. Skólaþjónusta. Kennarafundur.	4. Soðinn fiskur, kartöflur, grænmeti og lauksmjör. Opið hús 6.-10. bekkur kl. 19:30-21:30. Akstur.	5. Hamborgarar, franskar, grænmeti og sósa.	6. Kjúklingasúpa, snakk og sýrður rjómi.	7.	8.
9. Steiktur fiskur, kartöflur og grænmeti. Baráttudagur gegn einelti.	10. Tortillur, hakksósa, salsa og grænmeti. Skólahjúkrunarfr. Starfsmannafundur.	11. Fiskréttur og grænmeti.	12. Snitsel, kartöflur, grænmeti og sósa. Opið hús 1.-5. bekkur kl. 18:00-19:30. Akstur.	13. Makkarónumjólk og brauð. Val 7.-10. bekkjar.	14.	15.
16. Fiskibollur, kartöflur og grænmeti. Dagur íslenskrar tungu.	17. Kjöt í karrý, hrísgrjón og grænmeti. Grænfánadagur. Kennarafundur.	18. Salfiskur, kartöflur, grænmeti og lauksmjör.	19. Skeyr og brauð. Opið hús 6.-10. bekkur kl. 19:30-21:30. Ekki akstur.	20. Kjúklingaleggir, kartöflur og grænmeti.	21.	22.
23. Silungur, kartöflur, grænmeti og sósa.	24. Hakkbollur bolognese, kartöflur og grænmeti. Skólahjúkrunarfr. Skólaráðsfundur. Starfsmannafundur.	25. Pastahlaðborð og grænmeti.	26. Lambakjöt, kartöflur, grænmeti og sósa.	27. Kjötsúpa og brauð.	28.	29.
30. Soðinn fiskur, rúgbrauð og grænmeti.						